

Djúpgámar – rýmd og hönnunarforsendur

Leiðbeiningar vegna djúpgáma og 660L kara í Hafnarfirði

Samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað frá apríl 2019 er miðað við 2x240L ílát (eina grátunnu og eina bláa pappatunnu) á hverja íbúð. Sorphirðugjald eru miðað við þjónustu á þeim.

Djúpgámar

Þar sem það rúmast betur í einu stóru (djúpgámi) frekar en mörgum litlum (240L) má gera ráð fyrir allt að 10-15% minni rýmd í djúpgámalausn í stað hefðbundinna 240L íláta lausn í útreikningum á fjölda djúpgáma.

Dæmi um útreikning fyrir 45 íbúða hús

Grátunna - 45 íbúðir x 240L = 10.800L

Blátunna - 45 íbúðir x 240L = 10.800L

Hér myndu tveir 5m³ (2x5.000L = 10.000L) djúpgámar duga miðað við 10% rýmdaraukninguna fyrir sitthvoran flokkinn, þ.e. í heildina 4 djúpgámar fyrir húsið.

660L kör

Sambærileg rök gilda fyrir körin og djúpgámana, það rúmast betur í stórum ílátum. Hægt er að miða við eitt 660L kar á hverjar 3 íbúðir.

Ef rýmdin er minnkuð með þessum hætti er það á ábyrgð hönnuða ef ekki dugir til.

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar.